

um breyting á orkulögum, nr. 58 1967.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson, Stefán Valgeirsson, Björn Pálsson, Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Við lögin bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Orkustofnun skal gera áætlun um það, hvernig hagkvæmast verði að ljúka rafvæðingu landsins eigi síðar en fyrir árslok 1973, og skal hún leggja tillögur sínar fyrir ráðherra eigi síðar en þrem mánuðum eftir gildistöku þessara laga.
2. Að fenginni áætlun Orkustofnunar skal ráðherra undirbúa tillögur um öflun þess fjár, sem talið er þurfa til þess að ljúka framkvæmdum innan þeirra tímamarka, sem getur í 1. tölulið, og leggja þær fyrir Alþingi svo fljótt sem við verður komið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar hafizt var handa um rafvæðingu sveitanna, var þegar í upphafi ljóst, að framkvæmdin tæki alllangan tíma. Á 14 ára tímabili fyrir 1969 var framkvæmdahraðinn nokkuð jafn. Voru þá tæplega 200 býli tengd samveitum á ári að meðaltali.

Í árslok 1969 var talið, að 3752 býli hefðu verið tengd samveitum og 1153 nytu rafmagns frá einkarafstöðvum. Órafvædd býli voru þá talin nálægt 400.

Dreifingin í þéttbýlustu héruðunum er komin vel á veg. Í árslok 1968 eru t. d. aðeins 5.3% býla í Rangárvallasýslu utan samveitusvæða og 2.6% í Eyjafjarðarsýslu. Í hinum strjálbýlli héruðum er allt annað uppi á teningnum. Þannig eru þá í Norður-Múlasýslu 72.1% býla utan samveitusvæðanna, og í Barðastrandarsýslu eru þau 71.9%. — Þessar tölur, þótt háar séu, segja þó ekki til um ástandið í einstökum sveitum, sem alls enga samveitu hafa, bæði í þessum sýslum og fleiri.

Á árunum 1968 og 1969 dró verulega úr framkvæmdahraðanum, enda þótt þau ár væri unnið fyrir allmikið lánsfé heiman úr héraði.

Þessi þróun olli að sjálfsögðu megnri óánægju. Hafa forustumenn héraða og alþingismenn mjög þrýst á stjórnarvöld að halda uppi eigi minni framkvæmdahraða en áður, þar til lokið er rafvæðingu sveitanna.

Nú lítur út fyrir, að ríkisstjórnin ætli að verða við þessum kröfum að nokkru, þar sem hún gerir ráð fyrir, að lokið verði á þessu og næsta ári lögnum um þau svæði, þar sem meðalfjarlægð á milli býla er undir 1.5 km. Enn þá hefur þó ekki verið tekin ákvörðun um það á Alþingi nema að nokkru leyti, hvernig fjár verði aflað til framkvæmdanna.

Um framhaldið er svo allt í óvissu. Það telja flutningsmenn þessa frumvarps óviðunandi. Þeir telja óhjákvæmilegt, að allir landsmenn fái með einhverjum hætti aðgang að raforku. Og þeir álíta viðráðanlegt að ljúka rafvæðingu landsins fyrir árslok 1973, ef markvíst og skipulega er að unnið.

Þegar í stað þarf að snúa sér að því að meta, hvaða svæði skynsamlegt sé að tengja samveitum. Síðan verður að gera sér grein fyrir því, með hverjum hætti greitt verði fyrir rafvæðingu annarrar byggðar. Er það skoðun flutningsmanna, að við nánari athugun muni þykja þjóðfélagslega hagkvæmt í ýmsum tilvikum að láta samveiturnar ná langt út yfir 2 km mörkin, eins og þau hafa verið skilgreind að undanförmu.

Orkustofnunin hefur í sínum vörzlum yfirgripsmiklar upplýsingar um þetta efni, svo að ætla má, að stofnunin geti í meginráttum gert grein fyrir viðfangs-efninu innan þeirra tímamarka, er í frumvarpinu greinir.

Flutningsmenn telja eðlilegt og nauðsynlegt, að málið sé undirbúið hjá Orkustofnun og ráðuneyti, svo sem fyrir er mælt í frumvarpi þessu, og það síðan lagt fyrir Alþingi til endanlegrar afgreiðslu.

Það er fráleitt að hugsa sér, að hluti þjóðarinnar búi til langframa við ekkert eða allsendis ófullnægjandi rafmagn, m. ö. o. án rafljósa, sjónvarps og allra þeirra mörgu heimilistækja og annarra véla, sem knúin eru raforku.

Þrátt fyrir fámenni og erfiða staðhætti ákváðu Íslendingar að koma síma og útvarpi til allra landsmanna og að tengja sérhvert byggt hól vegakerfinu. Þetta tókst. Það er í fullu samræmi við þá stefnu að veita öllum landsmönnum aðgang að raforku.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er því endurflutt nú.